



ÁLFTANESVEGUR OG VÍFILSSTAÐAVEGUR Í GARÐABÆ

MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

TILLAGA AÐ MATSÁÆTLUN

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR.....	3
2	FYRIRHUGUÐ VEGAGERÐ	6
2.1	ÁLFTANESVEGUR.....	6
2.2	VÍFILSSTAÐAVEGUR.....	6
2.3	EFNISTAKA.....	6
3	AÐRIR KOSTIR	7
3.1	LEIÐ A	7
3.2	LEIÐ B	7
4	MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM OG GAGNAÖFLUN	8
4.1	NÁTTÚRUFAR	8
4.1.1	Jarðmyndanir og landslag	8
4.1.2	Gróðurfur	8
4.1.3	Fuglalíf	8
4.1.4	Náttúruverndarsvæði	9
4.2	SAMFÉLAG	9
4.2.1	Landnotkun og skipulag	9
4.2.2	Samgöngur og umferð	10
4.2.3	Fornleifar og önnur menningarverðmæti	10
4.2.4	Loftgæði og hljóðstig	10
5	KYNNING OG SAMRÁÐ.....	11

1. INNGANGUR

Í mars árið 2000 var frummat á umhverfisáhrifum Álftanesvegar lagt fram til Skipulagsstofnunar. Kynntar voru þrjár leiðir, A, B og C, þar sem leið A var sú veglína sem sóst var eftir (**mynd 1**). Fyrirhuguð lega Álftanesvegar er frá Hafnarfjarðarvegi, um Engidal að gatnamótum fyrirhugaðs Vífilsstaðavegar í Garðahrauni. Þaðan áfram yfir Garðahraun, að og með hringtorgi nálægt núverandi gatnamótum að Bessastöðum í Bessastaðahreppi.

Matsskýrslan náði yfir þessa vegagerð auk tengivega við núverandi vegakerfi.

Frummatsskýrslan var unnin samkvæmt lögum nr. 63/1993 um mat á umhverfisáhrifum og var kveðinn upp úrskurður þann 7. júní 2000. Í úrskurðinum var fallist á leiðir B og C með nokkrum skilyrðum, en farið fram á „frekara mat á umhverfisáhrifum Álftanesvegar samkvæmt leið A þar sem gerð sé nánari grein fyrir áhrifum framkvæmdarinnar á jarðmyndanir, landslag, gróður, fuglalíf, menningarminjar og útivist.“ Í nýrri matsskýrslu verður kynnt ný veglína fyrir Álftanesveg, nokkurs konar „sáttaleið“, sem er á milli leiða A og B og kallast leið D. Lega leiðar D er frábrugðin áður samþykktri veglínu B á milli punktanna X og Y á **mynd 2**.

Í frummatsskýrslunni voru ekki metin áhrif Vífilsstaðavegar sem er fyrirhugaður frá hringtorgi við rætur Hraunsholts í suðvestur yfir hraunið að Bala sunnan við Garðaholt, enda ekki um matsskylda framkvæmd að ræða skv. eldri lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Vífilsstaðavegur flokkast sem tengibraut í þéttbýli, en samkvæmt nýjum lögum um mat á umhverfisáhrifum (nr. 106/2000) ber að tilkynna slíkar framkvæmdir til Skipulagsstofnunar, sem ákvarðar matsskyldu. Skipulagsstofnun úrskurðaði 8. september 2000 að Vífilsstaðavegur væri einnig matsskyld framkvæmd.

Þar sem Álftanesvegur og Vífilsstaðavegur eru tengdar framkvæmdir hefur verið ákveðið að leggja fram eina matsskýrslu fyrir báðar veglínurnar. Álftanesvegur mun því ekki verða metinn sérstaklega í frekara mati. Þess í stað mun úrskurður skipulagsstjóra sem minnst er á hér að ofan verða lagður til grundvallar í sameiginlegri matsskýrslu beggja veganna. Í þeirri matsáætlun, sem hér er lögð fram samkvæmt lögum nr. 106/2000, er greint frá áhersluþáttum framkvæmda og umhverfis í fyrirhugaðri matsskýrslu auk kynningar og samráðs á fyrirhugaðri framkvæmd og matsferlinu.

Hönnun hf. mun vinna skýrsluna fyrir Vegagerðina og Garðabæ og er tímaáætlun verkefnisins eftirfarandi:

Matsáætlun kynnt og lögð fram	júní 2001
Matsskýrsla auglýst	sept 2001
Úrskurður Skipulagsstofnunar	nóvember 2001
Framkvæmdir	2002-2003

2. FYRIRHUGUÐ VEGAGERÐ

Hér verður lýst stuttlega tilgangi og umfangi framkvæmdanna ásamt áætlun um kostnað og tíma.

Hraunið sem fyrirhugaðar vegaf framkvæmdir liggja um heitir Garðahraun en nyrsti hluti þess, það er svæðið norðan við áætlaða vegi, kallast Gálgahraun. Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi frá bæjarstjórn Garðabæjar sbr. 27. grein í skipulags- og byggingarlögum.

3. ÁLFTANESVEGUR

Núverandi Álftanesvegur hefur lítið burðarþol, ófullnægjandi undirbyggingu og er öryggi vegarins óásættanlegt sökum vegtæknilegra þátta.

Fyrirhugaður Álftanesvegur er um 3,8 km að lengd. Tilgangur með gerð vegarins er að bæta vegasamband, auka umferðaröryggi og tryggja greiðari samgöngur um Álftanes á kaflanum frá Hafnarfjarðarvegi, um Engidal að Suðurnesvegi í Bessastaðahreppi (**mynd 2**).

Í matsskýrslunni verða metin umhverfisáhrif fyrirhugaðrar veglínu, leiðar D, sem er um 1,9 km að lengd. Gert er ráð fyrir að hanna veginn samkvæmt vegflokki B2, það er 10 m breiðan með 7 m slitlagi og 1,5 m öxlum. Hönnunin miðast við að seinna verði hægt að tvöfalda veginn frá Hafnarfjarðarvegi að hringtorgi við Vífilsstaðaveg. Á leið D er gert ráð fyrir tvennum undirgöngum fyrir gangandi vegfarendur og hringtorgi við Vífilsstaðaveg (**mynd 2**).

Kostnaður við fyrirhugaðan Álftanesveg er um 400 Mkr og eru fjárveitingar til verksins í vegáætlun árána 2002 og 2003. Gert er ráð fyrir að vegurinn verði lagður á þessum árum.

4. VÍFILSSTAÐAVEGUR

Fyrirhugaður Vífilsstaðavegur er um 2 km að lengd og liggur frá hringtorgi norðvestan í Hraunsholtinu til suðvesturs yfir Garðahraun og þaðan yfir ræktað land sunnan í Garðaholti að Bala (**mynd 2**). Gert er ráð fyrir að hönnun hans verði samkvæmt vegflokki B2 eins og Álftanesvegur, það er 10 m breiður með 7 m slitlagi og 1,5 m öxlum.

Tilgangur vegarins er að tengja byggðina í Hraunsholti við fyrirhugaðan Álftanesveg og byggð á Garðaholti. Áætlaður kostnaður er um 150 Mkr og er stefnt að því að framkvæmdir við hann verði á svipuðum tíma og við Álftanesveginn.

5. EFNISTAKA

Áætlað er að nýta megnið af því efni sem kemur úr skeringum í vegina. Það efni sem upp á vantar, um 100.000 m³ fyrir Álftanesveg og um 20.000 m³ fyrir Vífilsstaðaveg, verður sótt í námur sem þegar eru í notkun á höfuðborgarsvæðinu og eru viðurkenndar af Náttúruvernd ríkisins og Vegagerðinni.

6. AÐRIR KOSTIR

Í frummatsskýrslu Álftanesvegur voru skoðaðir þrjú meginkostir á legu fyrirhugaðs vegar, það er leiðir A, B og C (**mynd 1**). Eins og áður hefur komið fram var í úrskurði skipulagsstjóra ríkisins fallist á leiðir B og C en leið A var úrskurðuð í frekara mat á umhverfisáhrifum. Í matsskýrslunni verða leiðir A, B og C bornar saman við „sáttaleiðina“, leið D.

Í frummatsskýrslu var einnig fjallað um möguleika á endurbættum vegi í núverandi vegarstæði auk tillaga landeigenda á Selskarði að veglínunum. Ekki verður fjallað um þessa kosti í matsskýrslunni.

Lögð er fram ein veglína Vífilisstaðavegar í samræmi við aðalskipulag Garðabæjar. Fjallað verður um mögulegt svigrúm á fyrirhuguðum Vífilisstaðavegi, en veginum er ætlað að tengja saman byggð á Hraunsholti og Garðaholti, sitt hvorum megin við Álftanesveg og er lega hans bundin við hringtorg í norðanverðu Hraunsholti (**mynd 2**).

7. LEIÐ A

Legu leiðar A er svipuð og leiðar D frá stað Y (**mynd 2**) að hringtorgi í Garðahrauni. Frá hringtorginu liggur leið A nokkru norðar en leið D og fer nær fjörunni við Lambhúsatjörn.

8. LEIÐ B

Leið B liggur nokkru sunnar í Garðahrauni en leið A (**myndir 1 og 2**). Leitast var við að vera með veginn sem næst skipulögðu íbúasvæði í Garðaholti án þess að skerða það og þannig að hönnunarforsendum væri fullnægt. Í úrskurði skipulagsstjóra ríkisins er leið B samþykkt með skilyrðum sem meðal annars felur í sér að breyta þurfi legu hennar til að fara ekki yfir Garðastekk, sem eru rústir gamallar fjárréttar. Í matsskýrslunni verður ekki fjallað um breytta leið B heldur þá leið sem kynnt var í frummatsskýrslu Álftanesvegur.

9. LEIÐ C

Leið C fer stystu leið yfir hraunið og aftur inn á núverandi veg eins fljótt og kostur er (**mynd 1**). Þessi leið liggur nokkrum metrum hærra en áður nefndar leiðir og uppfyllir vegtæknilegar kröfur sem gerðar eru fyrir veg á þessu svæði. Vegurinn er fjær sjó, en skerðir skipulagt byggingarsvæði.

10. MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM OG GAGNAÖFLUN

Í skýrslu um mat á umhverfisáhrifum Álftanesvegar og Vífilstaðavegar verða helstu umhverfisþættir skilgreindir eins og áður var gert í frummatsskýrslu Álftanesvegar. Helstu umhverfisáhrif vegalagningar á Álftanesi beinast að áhrifum á:

- ?? Jarðmyndanir og landslag (landslagsheildir)
- ?? Gróður
- ?? Fuglalíf
- ?? Landnotkun og skipulag
- ?? Samgöngur og umferð
- ?? Fornleifar og önnur menningarverðmæti
- ?? Loftgæði og hljóðstig
- ?? Vatnafar og vatnsmengun

11. NÁTTÚRUFAR

12. JARÐMYNDANIR OG LANDSLAG

Við hönnun veganna hefur verið leitast við að fara yfir Garðahraun þar sem það er sléttast og hefur í þeim tilgangi verið sveigt fram hjá nokkrum fallegum hraunmyndunum. Skiptar skoðanir virðast vera um hvort skipti meira máli að hafa landslagsheild norðan fyrirhugaðs Álftanesvegar sem stærsta og fara þar af leiðandi yfir fallegri jarðmyndanir eins og raunin yrði ef leið B yrði lögð eða að hlífa jarðmyndunum sem frekast er unnt og fara þar af leiðandi lengra út í hraunið (leiðir A og D).

Í frummatsskýrslu Álftanesvegar voru jarðmyndanir í mögulegum veglínunum Álftanesvegar kannaðar. Þessi úttekt kemur til með að nýtast í matsskýrslunni, en auk þess verður gerð frekari grein fyrir jarðmyndunum í veglínunni fyrirhugaðs Vífilstaðavegar.

Við mat á sjónrænum áhrifum verður einkum notast við ljósmyndir sem teknar voru á vettvangi.

13. GRÓÐURFAR

Gerð var athugun á gróðurfari í tengslum við frummatsskýrslu Álftanesvegar sumarið 1999. Árið eftir var svo gerð viðbótarathugun á gróðurfari. Athugunin fór fram í nokkrum áföngum og voru farnar 6 vettvangsferðir frá því um miðjan júlí og fram í byrjun október. Farið var eftir öllum mögulegum veglínunum, aðstæður kannaðar, gerðar gróðurmælingar og tegundir gróðurs skráðar.

Eins og með jarðmyndanir beinast áhrif á gróðurfar einkum að hrauninu þar sem gróðurfar er fjölbreyttara en annarsstaðar á svæðinu. Utan hrauns hefur gróðurfari verið raskað að mestu leyti með beit og framræslu votlendis og gróðurfjölbreytni þar af leiðandi minni. Þar sem Vífilstaðavegur liggur frá hraunkanti Garðahrauns að Bala liggur hann að mestu um ræktað land.

14. FUGLALÍF

Eins og fram kemur í frummatsskýrslu Álftanesvegar er fjölskrúðugt fuglalíf á svæðinu. Lögð verður áhersla á að fyrirhugaðar vegaförkvæmdir raski því sem minnst, til dæmis með

Því að takmarka framkvæmdir á varptíma. Nauðsynlegt er að fyrirhugað veglína liggi ekki of nálægt fjörum, grunnsævi og sjávarfitjum sem gegna mikilvægu hlutverki fyrir fuglana. Árið 1999 var unnin greinargerð um fuglalíf á og í nágrenni við fyrirhugað vegarstæði Álftanesvegur. Farnar hafa verið nokkrar vettvangsferðir um svæðið í tengslum við nýja matsskýrslu Álftanesvegur og Vífilsstaðavegar og verður unnin ný greinargerð um áhrif framkvæmda á fuglalíf á svæðinu.

15. NÁTTÚRUVERNDARSVÆÐI

Svæði á náttúruminjaskrá í nágrenni fyrirhugaðra vegaf framkvæmda eru fjaran umhverfis Álftanes, Skógtjörn, Lambhúsatjörn og Gálgahraun. Tjarnirnar eru einnig á skrá um alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði (IBA) og Votlendisskrá.


Í náttúruverndarlögum sem tóku gildi 1. júlí 1999 eru tilgreindar landslagsgerðir sem njóta sérstakrar verndar og eru eldhraun eins og Garðahraun þar á meðal.

Samkvæmt aðalskipulagi fellur hraunið norðan við fyrirhugaðan Álftanesveg og Vífilsstaðaveg auk Lambhúsatjarnar og Skógtjarnar undir svokallaða bæjarvernd.

16. SAMFÉLAG

17. LANDNOTKUN OG SKIPULAG

Í núgildandi aðalskipulagi Bessastaðahrepps og aðalskipulagi Garðabæjar er gert ráð fyrir nýrri legu Álftanesvegur um Garðahraun að hringtorgi í Bessastaðahreppi og þaðan áfram til norðurs og vesturs samkvæmt leið A. Í aðalskipulagi Garðabæjar er enn fremur gert ráð fyrir lagningu Vífilsstaðavegar (**mynd 3**). Í matsskýrslunni er legu Vífilsstaðavegar breytt lítillga frá því sem fram kemur í aðalskipulagi Garðabæjar, í þeim tilgangi að valda sem minnstu raski á hrauninu. Þá er samkvæmt leið D lagt til að hliðra Álftanesvegi lítið eitt til suðurs. Verði þessar veglínur samþykktar kallar það á breytingar á aðalskipulagi Garðabæjar. Veglínur A og D falla betur að aðalskipulaginu en B og C þar sem þær þrengja að skipulögðu íbúðasvæði á Garðaholti.



Mynd 3 Aðalskipulag Garðabæjar 1995-2015.

Svæði til útivistar munu skerðast frá því sem nú er. Á móti kemur að aðgengi batnar auk þess sem hraunkanturinn sjálfur helst órofinn á löngum kafla.

18. SAMGÖNGUR OG UMFERÐ

Farið verður yfir hvaða áhrif fyrirhugaðar vegaframkvæmdir koma til með að hafa á samgöngur og umferð á svæðinu í samræmi við umferðarspá fyrir svæðið.

19. FORNLEIFAR OG ÖNNUR MENNINGARVERÐMÆTI

Fram fór fornleifaúttekt vegna mats á umhverfisáhrifum Álftanesvegur. Þessi úttekt nær yfir þau svæði sem eru til athugunar fyrir nýja veglínu Álftanesvegur og Vífilsstaðavegar og er því ekki þörf á frekari könnun fornleifa. Eins og fram kom í frummatsskýrslunni mun leið A þvera forna þjóðleið, Fógetastíg, tvisvar og leið B mun fara nærri Garðastekki, sem eru rústir gamallar fjárréttar. Með nýrri veglínu á milli leiða A og B verður farið fjær Garðastekki og Fógetastígur raskast ekki. Þess ber þó að geta að fengist hefur leyfi Fornleifanefndar fyrir þverun Fógetastígs með þeim mótvægisáðgerðum sem lýst var í frummatsskýrslu.

20. LOFTGÆÐI OG HLJÓÐSTIG

Við mat á loftmengun og hljóðstigi beinist athyglin einkum að fyrirhugaðri íbúðabyggð á Garðaholti auk byggðarinnar sem er að rísa í Hraunsholti. Við þetta mat var ekki gert ráð fyrir Vífilsstaðavegi og verða niðurstöðurnar því endurskoðaðar í nýrri skýrslu um mat á umhverfisáhrifum Álftanesvegur og Vífilsstaðavegar.

21. VATNAFAR OG VATNSMENGUN

Við mat á vatnafari og vatnsmengun verður skoðað hvort fyrirhuguð framkvæmt geti haft áhrif á vatnafar á svæðinu, einkum grunnvatn og friðlýstar fjörur. Engar ár eru á eða í nágrenni fyrirhugaðra vegstæða. Ekki er fyrirhugað að safna regnvatni af Álftanesvegi og Vífilsstaðavegi í niðurföll eða ræsi, en þó er mögulegt að regnvatn af vegamótum verði leitt í grjótsvelgi sem komið yrði fyrir innan vinnusvæðis. Á korti yfir vatnafar á höfuðborgarsvæðinu verður síðan skoðað hvert regnvatnið leitar úr grjótsvelgjunum og hvort það geti mengað grunnvatn og friðlýstar fjörur í nágrenninu.

22.KYNNING OG SAMRÁÐ

Við gerð matsskýrslunnar verður haft samráð við Skipulagsstofnun auk þess sem fyrirhuguð framkvæmd verður kynnt umsagnaraðilum og almenningi í þeim tilgangi að fá fram ábendingar og athugasemdir.

Fyrirhuguð framkvæmd er kynnt á vefsíðum Vegagerðarinnar (<http://www.vegagerdin.is>) og Hönnunar (<http://www.honnun.is>), en auk þess fá eftirtaldir aðilar send drög að tillögu að matsáætlun:

?? Sveitarstjórnir eftirtaldra sveitarfélaga:

1. Bessastaðahreppur
2. Garðabær
3. Hafnarfjarðarbær

?? Náttúruvernd ríkisins

?? Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis

?? Hollustuvernd ríkisins

?? Samvinnunefnd um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins

?? Þjóðminjasafn Íslands

?? Hitaveita Suðurnesja

?? Orkuveita Reykjavíkur

?? Landssímenn